

Sveitarfélagið Árborg

Kynning á stöðu framkvæmda í Ráðhúsi Árborgar

Framkvæmdir við 3ju hæð í Ráðhúsi Árborgar hafa verið í undirbúningi á framkvæmda- og tæknideild á yfirstandandi ári. Alls var gert ráð fyrir um 40 milljónum króna í breytingar á Ráðhúsi í fjárhagsáætlun ársins 2020. Hluti af því fé nýttist til að ljúka frágangi á 1. og 2. hæð en að mestu leyti eru heimildirnar ætlaðar til framkvæmda á 3ju hæð.

Á fundi eigna- og veitunefndar þann 12. ágúst síðastliðinn var fjallað um stöðu framkvæmdarinnar og samþykkt að gera verðfyrirspurn vegna verklegra hluta framkvæmdarinnar og leggja niðurstöður fyrir nefndina.

Það felst í breytingum á 3ju hæð Ráðhússins að flytja þarf félagsþjónustuhluta Fjölskyldusviðs úr húsinu. Í þessu skyni hefur verið samið við Landsbanka Íslands um leigu á 2. hæð húsnæðis bankans á Selfossi til bráðabirgða, en hæðin hefur staðið auð og ónotuð. Leigutíminn verður til loka apríl 2021 með möguleika á framlengingu. Nauðsynlegt þykir að hafa leigutímann rúman til að hægt sé að bregðast við ófyrirséðum áhrifum Covid-19 á framkvæmdirnar og starfsemi Fjölskyldusviðs. Leigukostnaðurinn telst hluti framkvæmdarinnar og hefur sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs séð um að ljúka samningum við Landsbankann.

Starfsfólk Fjölskyldusviðs, sem um ræðir, og búnaður var flutt í hið leigða húsnæði á mánudaginn 7. september með aðstoð Mannvirkja- og umhverfissviðs. Framkvæmdir munu þó ekki hefjast fyrr en að lokinn verðfyrirspurn Eigna- og veitunefndar. Ástæða þess að ákveðið var að bíða ekki með flutninga er að starfsemi félagsþjónustunnar er orðin mjög aðþrengd í Ráðhúsinu. Gríðarleg fjölgun mála hjá félagsþjónustu og viðhlýtandi mönnun hefur skapað þrengsli, auk þess sem tilmæli um fjarlægðir vegna Covid-19 gera það enn erfiðara að nýta rýmið.

Við ítarhönnun og útfærslur verkefna hefur komið í ljós að kostnaður við framkvæmdir á 3ju hæð gætu leitt til þess að heildarframkvæmdir ársins yrðu um 10% yfir því sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Því til viðbótar er talið nauðsynlegt að huga betur að hljóðvist í tengslum við þjónustuverið á 1. hæð og jafnvel að skoða hugsanlegar úrbætur á eldhúsi á 3ju hæð. Af þessum sökum er talið ráðlegt að fresta hluta verkþátta þannig að ekki verði framkvæmt umfram áætlun á árinu 2020. Bæjarstjóri óskar því eftir heimild bæjarráðs til að fresta hluta verkþátta þannig að verki sé haldið innan fjárheimilda og ekki þurfi að leita viðauka vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Gísli Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri